

Blómasala

Minum á blómasölu kvenfélags Öxfirðinga föstudaginn 10. júní kl. 16 við sundlaugina í Lundi.

.h félagsins
Kristín og Anka



Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum. Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst. Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 15. júní 2016. Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-. Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
22. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 8. júní 2016

Frá Snartarstaðakirkju

Feringarmessa verður í kirkjunni laugardaginn 11. júní kl. 15.00. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Jörg Sondermann.

Fermd verða:

Jón Alexander Helguson Artúrssón, Jónína Freyja Jónsdóttir, Kristinn Aron Curtis Arnbjörnsson og Sindri Þór Tryggvason.

Guðs blessun fylgi feringarbörnum og fjölskyldum þeirra á þessum degi. Verið velkomin til kirkju !

Sóknarprestur og sóknarnefnd

Frá Garðskirkju

Tónlistar- og íhugunarguðsþjónusta verður haldin í Garðskirkju, sunnudaginn 12. júní n.k. kl. 14.00. Elvar Bragason tónlistarmaður leiðir sönginn. Létt og skemmtileg tónlist. Fluttar verða íhuganir og vitnisburðir.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Sóknarprestur og sóknarnefnd



Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA

- Norður-Dingeyjarsýsla -

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga þann 25. júní 2016 fer fram á skrifstofu embættisins sem hér segir:

- **Húsavík**, Útgarði 1, virka daga frá kl. 9:00 til kl. 15:00.
Laugardaginn 18. og sunnudaginn 19. júní er opið frá kl. 14:00 til 17:00.

Frá 6. júní fram að kjördegi fer utankjörfundaratkvæðagreiðsla einnig fram á skrifstofum sveitarfélaganna á virkum dögum sem hér segir:

- **Þórshöfn**: Fjarðarvegi 3, frá kl. 10:00 til 15:00.
- **Kópasker**: Bakkagötu 10, frá kl. 8:00 til 16:00.
- **Raufarhöfn**: Aðalbraut 6, mánudaga, fimmtudaga og föstudaga, frá kl. 12:00 til 15:00.

Kjörstaðir verða lokaðir þann 17. júní.

Minnt er á að kjósendur hafi persónuskilríki meðferðis.

Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjóсандans og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl.16 fjórum dögum fyrir kjördag.

Kosningavefur innanríkisráðuneytisins, www.kosning.is, hefur að geyma margvíslegar upplýsingar varðandi forsetakosningarnar.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
6. júní 2016

Svavar Pálsson

Skerjakolla

Supermarket – Café Sumar 2016

Mánudaga til föstudaga Mondays to Fridays	10 til 20
--	-----------

Laugardaga Saturdays	12 til 20
-------------------------	-----------

Sunnudaga Sundays	12 til 18
----------------------	-----------

Groceries – coffee – chocolate – tea

Pizzas – sandwiches – cakes – beer – wine

Internet for customers

Skerjakolla – Supermarket - Café
Bakkagata 10 Kópaskeri Sími – tel. 4651150

Sumarstarf í Stórumörk, Kópaskeri

Starfsmaður óskast í afleysingar í Stórumörk 15. júní – 15. ágúst '16

Um 60% starf við félagsstarf aldraðra er að ræða.


Launaröðun er skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Framsýnar, stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Áslaug Halldórsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur í síma 860-7736.

Skeglan á Kópaskeri

Þar sem póstur er ekki borinn út á Kópaskeri þessa dagana vegna skorts á starfsfólki hjá Póstinum berst Skeglan ekki í hvert hús eins og vant er. Hægt er að nálgast Skegluna á pósthúsinu og í Skerjakollu í rekka við innganginn.

Vonandi varir þetta vandræðaástand ekki lengi.

Minnt er á að hægt er að fá Skegluna í tölvupósti.



Útboð

Ljósleiðaravæðing
Svalbarðshrepps

EFLA Verkfræðistofa óskar eftir tilboðum í ljósleiðaralagnir og tengingar fyrir hönd Svalbarðshrepps. Verklök eru eigi síðar en 15. október 2016.

Verkið felur í sér að plægja og grafa niður ljósleiðara frá dreifistöð kerfisins inn á lögheimili í Svalbarðshreppi, setja niður tengiskápa ásamt frágangi lagna leiðar og tengingar ljósleiðarans Svalbarðshrepps.

Helstu magntölur eru:

- | | |
|--|----------|
| • Plægning stofn- og heimtaugastrengja | 77.000 m |
| • Fjöldi tenginga | 780 stk. |
| • Fjöldi inntaksboxa | 44 stk. |
| • Fjöldi dreifistöðva | 1 stk. |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 6. júní 2016. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Reyni Valdimarsson með tölvupósti, reynir.valdimarsson@efla.is. Gefa þarf upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og útboðsgögn verða send í tölvupósti. Tilboðum skal skilað á EFLU verkfræðistofu Norðurlandi, Hofsbót 4, 600 Akureyri fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 16. júní 2016, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Oddvitinn í Svalbarðshreppi